

Laugardaginn 19. marz 1932.

Nr. 96/1930. **Valdstjórnin** (Magnús Guðmundsson)
 gegn
Johannes Mourits Nielsen
 (Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Seyðisfjarðarkaupstaðar 4. okt. 1932: Kærður, Johannes Mourits Nielsen, greiði 12300 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands og komi í stað sektarinnar sex mánaða einfalt fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, — þar með taldir dragstrengir í fiskiskipinu T. G. 11 m/s Sjöstjörnan frá Trangisvaag, sé upptækt og renni andvirðið í sama sjóð.

Loks greiði kærður allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem segir í dómi lögregluréttarins kom varðskipið *Ægir* þ. 2. okt. 1930 að vélskipinu T. G. 11 Sjöstjörnan frá Trangisvaag í Færeyjum, sem kærði var skipstjóri á, er það var statt inni á Finnafirði í Norður-Múlasýslu. Vélin í skipinu var í ólagi, þegar varðskipið kom að því og var kærði ekki þá að veiðum, en tvær vörpur lágu um þilfarið og hefir kærði kannast við það fyrir lögregluréttinum, að hann hafi verið að veiðum með vörpum þessum inni á Finnafirði og víðar í landhelgi í grend þar hjá, og að veiðin hafi farið þannig fram, að skipið hafi dregið vörpuna á eftir sér með botni. En kærði hefir hinsvegar haldið því fram sér til sýknu, að vörpunar, sem hann veiddi með,

séu ekki botnvörpur heldur dragnætur, er hann nefnir „Skovlvaad“ og hafi sér því verið heimilt að veiða með þeim í landhelgi á þessum tíma árs.

Skipherra varðskipsins lét tvo af skipverjum sínum, sem árum saman höfðu stundað botnvörpuveiðar, skoða vörpunar, gera lýsingu af þeim og segja álit sitt um þær og hafa þeir látið það álit uppi og staðfest fyrir lögregluréttinum, að vörpunar séu botnvörpur. Og að sömu niðurstöðu hafa komizt 4 sérfróðir menn, er lögreglurétturinn hafði útnefnt til þess að segja álit sitt um vörpunar, og hafa þeir einnig staðfest álit sitt fyrir lögregluréttinum.

Eftir lýsingu þeirri, er skipverjar á Ægi gjörðu af vörpunum, voru þær báðar útbúnar með hlerum. Á veigameiri vörpunni var hvor hleri um sig 37 kg. að þyngd og voru þeir tengdir með vír við vörpunetið með keflum sem milliliðum.

Lengd fótreipisins var 20,45 metrar, höfuðlínu-lengd 15,44 m., vængir vörpunetsins voru 3,86 m. á lengd, belgurinn með skveri 13,40 m., pokalengd 3 m. og pokavídd 40 möskvar. Veigaminni varpan var samskonar að gerð, en hlerapýngd minni, aðeins 19 kg. og vörpunetið styttra og úr veigaminna efni.

Samkvæmt lýsingu þessari hafa vörpur þær, er kærði veiddi með í landhelginni, að visu verið veigaminni en botnvörpur þær, sem almennt eru notaðar hér við land og aðeins nothæfar til að veiða á grunnu vatni, en að öðru leyti hefir gerð þeirra verið svipuð því, er tíðkast um sumar botnvörpategundir. Og að því sérstaklega athuguðu, að vörpunar voru útbúnar með hlerum eins og venjulegar botnvörpur og að veiðin fór þannig fram, að

skip kærða knúð áfram með vélaraflí dró vörpu-
una á eftir sér með botni, verður að líta svo á, að
veiðar kærða hafi verið botnvörpuveiðar, sem
með 1. gr. 1. nr. 5, 18. maí 1920, eru bannaðar í
landhelgi við Ísland. Kærði hefir því gerzt brotleg-
ur gegn nefndri lagagrein, og með tilliti til þess, að
gullgildi islenzkrar krónu er nú aðeins 60,80, aurar,
ákveðst refsing hans samkv. 3. gr. nefndra laga
16500 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, er afplánist
með 7 mánaða eiföldu fangelsi, ef hún fæst eigi
greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði lögregluréttardómsins um upptekt afla og
veiðarfæra og um málskostnað í héraði staðfest-
ast, og kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað
sakarinnar, þar með talin málflutningslaun
sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors
þeirra.

Á flutningi málsins hefir orðið mikill dráttur,
en hann þykir nægilega réttlættur.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Johannes Mourits Nielsen, greiði
16500 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, er af-
plánist með 7 mánaða einföldu fangelsi, ef
hún fæst eigi greidd innan 30 daga frá birt-
ingu dóms þessa.

Ákvæðum lögregluréttardómsins um upptekt
afla og veiðarfæra og um málskostnað í héraði
skal óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakar-
innar, þar með talin málflutningslaun sækj-
anda og verjanda í hæstarétti, málflutnings-

mannanna Magnúsar Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsted, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn skipstjóranum af fiskiskipinu T. G. 11 m/s Sjöstjörnan frá Trangisvaag, Johannes Mourits Nielsen frá Trangisvaag, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5, 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu „Ægir“, réttarskjal nr. 1, sem kemur heim við vitnaframburð stýrimanns og háseta á varðskipinu „Ægir“, er það sannað í máli þessu, enda viðurkennt af kærða, að kærður hefir verið að veiðum á skipi sínu þriðjudaginn 30. fyrra mánaðar í landhelgi á Finnafirði. Kom varðskipið „Ægir“ þar að og tók skip kærða fast 1. þ. m.

Fyrir réttinum viðurkennir kærði staðarákvarðanir varðsksipsins og kannast við skýrslu skipherrans af „Ægir“ rétta í flestum atriðum, en tekur sérstaklega fram eftirfarandi:

Að fiskiveiðar þær, sem skip sitt Sjöstjörnan reki telji hann Snurrevaadsfiskeri en ekki trawl eða botnvörpuveiðar. Segist hann álíta, að Snurrevaadsfiskeri sé með tvennskonar aðferðum, og önnur aðferðin séu fiskiveiðar með þeim tækjum, sem skip sitt hafi.

Munurinn á botnvörpuveiðarfærum og þeim veiðarfærum, sem skip sitt hafi, kveður kærður vera, að netið sé miklu veigaminna en í togurum, að togarar noti vír strengi, en sitt skip noti tóg með 10 föðmum af vír við vörpuhlerann, að togarar fari allt að 5 mílur með vörpuna í eftirdragi, en hans skip, Sjöstjörnan, dragi vörpuna með margfalt minni hraða, að hans áliti hálfrar mílna hraða, af þessum ástæðum gangi varpan hægar eftir botninum og léttara vegna minni þunga; hlerarnir vigti ekki nema 45 pund hver. Rúllur (bobbingar) segir hann að togarar hafi neðan á vörpunni, en þær hafi sín veiðarfæri ekki.

Jafnframt þessum framburði kærða í réttinum, skal tekið fram, að í skýrslu skipherrans af „Ægi“, réttarskjal nr. 1, nefnir kærði botnvörpu þá, er hann hafi, Skovlvod eða trawl, enda dragi þeir hana á eftir sér, þegar þeir fiski.

Það virðist nú ekki vera aðalatriðið í máli þessu *hvaða nafn* er gefið veiðarfærunum eða veiðiaðferðinni, heldur hverskonar veiðarfæri eða veiðiaðferð er í *raun og veru* notað við fiskveiðarnar.

Samkvæmt rannsókn málsins bendir flest til, að hér sé um botnvörpuveiðar að ræða.

Í fyrsta lagi virðist sönnun liggja fyrir í skýrslu skipherrans af „Ægir“, réttarskjal nr. 1, um að hér sé um botnvörpuveiðar að ræða. Bæði lýsing skipherrans af „Ægir“ á veiðarfærunum, sem staðfest er af tveim skipverjum af „Ægir“, einnig lýsing kærða sjálfs á veiðarfærunum í skýrslu skipherrans af „Ægir“. Reyndar tilgreinir kærði í framburði sínum fyrir réttinum mun á botnvörpuveiðarfærum og þeim veiðarfærum, sem skip hans notar. En sá munur virðist meira stærðarmunur en eðlismunur á veiðarfærum og veiðiaðferð. Sérstaklega skal tekið fram, að þar sem kærði í framburði sínum segir, að rúllur (bobbinga) hafi togarar neðan á vörpunni, en hans veiðarfæri ekki, þá mun það ekki vera alltaf, sem togarar nota þessar rúllur, heldur mun það fara eftir botninum, þar sem þeir fiska, hvort þeir nota rúllurnar eða ekki.

Í öðru lagi virðist sönnun liggja fyrir um, að hér sé um botnvörpuveiðar að ræða, í álit þvi, sem hinir fjórir útnefndu menn af réttinum hafa lagt fram í málinu, réttarskjal nr. 3, þar sem hér er um útvalda menn að ræða, sem eru skipstjórar og sjómenn, sem vel eru kunnugir botnvörpuveiðarfærum, hiklaust álit þeirra allra er það, að veiðarfæri og útbúnaður á Sjöstjörnan sé botnvarpa, sem í höfuðatriðum sé í engu frábrugðin veiðarfærum botnvörpuskipa. Einnig bætist við sem sönnun í sömu átt álit tveggja skipverja af „Ægir“, á réttarskjali nr. 4, og mælingar sömu manna á veiðarfærunum í Sjöstjörnan, sbr. réttarskjal nr. 5. Þar við bætist umsögn framangreindra útnefndra manna og tveggja skipverja af „Ægir“ í réttarhaldi 3. þ. m., þar sem þeir álita eindregið, að hér sé um botnvörpuveiðar að ræða hjá Sjöstjörnan, en í smærri stil en tíðkast hefir hér við land.

Í þriðja lagi virðist óbein sönnun liggja fyrir um það, að kærði sjálfur hafi haft grun um, að veiðarfæri sín og veiðiaðferð, væri ef til vill ekki leyfileg í landhelgi Íslands, þar sem hann leitar fyrst upplýsinga þar um til Syssemanden í Trangisvaag og fer síðan til Thorshavn til þess að leita upplýsinga um sama hjá amtmanninum þar, og heldur svo þaðan áleiðis til fiskiveiðanna við Ísland, án þess að fá ákveðið álit hjá amtmanninum, en lætur sér nægja einhverja þýðingu á einhverjum islenzkum lögum hjá einhverjum skólakennara í Thorshavn, sbr. framburð kærða í réttinum 3. þ. m.

Samkvæmt framanrituðu verður því að álitast, að kærði hafi rekið botnvörpuveiðar í landhelgi Íslands.

Samkvæmt framanrituðu hefir kærður því að álitu réttarins gjörzt brotlegur við bann 1. gr. laga nr. 5, 1920, og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið fyrir það, eftir 3. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 4, 1924, hæfilega ákveðin 12300,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, með tilliti til þess, að gengi islenzkrar krónu er það í dag, eftir upplýsingum frá dómsmálaráðuneytinu, að krónan jafngildir 81,79 aurum gulls.

Verði sektin ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa, sæti kærður í hennar stað 6 mánaða einföldu fangelsi.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir á fiskiskipinu T. G. 11 m/s Sjöstjörnan frá Trangisvaag sé upptækt og renni andvirðið í sama sjóð.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.
